

Fundur skólaráðs haldinn 16.september 2014

Mættir voru: Halldóra, Valdís og Sigurveig fulltrúar kennara, Þórunn fulltrúi starfsmanna, Einar Sveinn Jónsson og Geirlaug Geirdal fu fulltrúar foreldra og Ævar Andri Ámundínusarson Öfjörð , varaformaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda, Elín Björg Eyjólfsdóttir formaður nemendaráðs boðaði forföll.

1. Halldóra fór yfir skipan ráðsins og fór yfir helstu hlutverk þess.
2. Skólaráð á eftir að skipa fulltrúa frá grenndarsamfélaginu. Ákveðið var að fá þennan fulltrúa úr röðum foreldra leikskólabarna. Halldóra ætlar að hafa samband við leikskólastjórana og athuga með tilnefningu.
3. Starfsáætlun fyrir skólaárið 2014 – 2015. Samþykkt var að halda fundi á þriðjudögum.
4. Fundir verða eftirtalda daga, 16. sept.,14.okt., 11.nóv., 13.jan., 10.feb., 10.mars og 12.maí
5. Skipurit skólans kynnt en það er birt í nýrri starfsáætlun sem er á heimasíðu skólans. Umræður urðu um hlutverk bókasafnsins.
6. Áætlun fastrar viðveru, starfsmannafundir, deildafundir, námskeið o.fl.
7. Halldóra sagði frá tölvuvæðingunni í skólanum og umræður urðu um þessar breytingar.
8. Halldóra fór yfir upphaf skólastarfsins, speglunina á stofum skólans, tvær nýjar stofnanir, aukið geymslupláss í kjallara, bætt lýsing á skólalóð, hjólagrindur, aðgangsstýring og nýtt öryggiskerfi, litla tölvuverið lagt niður og þráðlaust kerfi, nýjar tölvur í stóra tölvuverið. Í sumar voru 2/3 hlutar skólans bónaðir, settir upp læstir nemendaskápar og ný nemendaborð og stólar í tveimur stofum. Nýjir sófar fyrir unglíngana. Félagsmiðstöðin er opin frá 8:00-14:00 og sér Jóhann Árni um þá starfsemi. Frístundaklúbburinn Elding sem er fyrir fatlaða krakka úr 4.-10.bekk. Nýjir kennarar Daníel, Halldóra, Rannveig og Sigríður, Lovísa kom aftur.
9. Halldóra fór yfir viðveru stjórnenda í Hópsskóla. Einnig fór hún yfir stundatöflu, frímínútur, íþróttatíma, dans, skák, samstarf við tónlistarskólann o.fl.
10. Starfsáætlun liggur fyrir og var kynnt.
11. Starfsfólk Hópsskóla fékk hrós fyrir hversu vel fyrstu skóladagarnir gengu. Kennarar komu á móti nemendum og tóku vel á móti þeim.

Fundi slitið kl. 17:55